

Síminn Pay kreditkortaskilmálar

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR: Vinsamlegast lestu þennan samning vandlega áður en þú virkjar og notar kortið þitt. Þessi samningur öðlast gildi og verður bindandi fyrir þig við virkjun eða notkun kortsins þíns og út allan gildistíma kortsins þíns.

1. Skilgreiningar og túlkun:

Samningur	Þessir skilmálar varða notkun á kortinu þínu/kortunum þínum eins og þeim kann að vera breytt á hverjum tíma.
App	Síminn Pay fartækjaforritið sem gerir þér kleift að fá aðgang að reikningnum þínum, framkvæma reikningstengdar aðgerðir og skoða korta- og færslutengdar upplýsingar.
Gildandi lög	Öll gildandi lög (þar á meðal, en ekki takmarkað við, hvers kyns staðbundin lög í lögsögum þar sem kortið er veitt og kortakerfið er starfrækt), lagabálkar, lagagerningar, reglugerðir, reglur, tilskipanir, eftirlitsleiðbeiningar, stefnur, fyrirmæli eða kröfur sem viðeigandi aðili sem setur reglur gefur út, eða túlkun sem aðili sem setur reglur hefur gefið út eða birt, hvers kyns útskurður sem gefinn er út af dómstóli sem hefur lögsögu yfir aðila, eða hvers kyns viðeigandi reglur eða kröfur kortafyrirtækis sem tengist útgáfu, sölu, leyfi eða notkun á kortunum og/eða þjónustu sem veita skal samkvæmt samningi þessum eða önnur regla sem TPML telur gilda á hverjum tíma.
Tiltæk heimild	Fjárhæðin sem fæst með því að draga þáverandi eyðslustöðu frá heimildinni.
Virkur dagur	Mánudagar til föstudagar, frá kl. 9:00 til 17:00 að Mið-Evróputíma, að undanskildum almennum frídögum á Möltu.
EES	Evrópska efnahagssvæðið
Gildisdagur	Gildisdagurinn sem kemur fram á kortinu þínu.
Gjald	Öll gjöld sem þér ber að greiða eins og fram kemur í gjalda- og heimildayfirlitinu.
Gjalda- og heimildayfirlit	Viðauki við þennan samning sem myndar hluta af þessum samningi.
KYC	Stendur fyrir „Know Your Customer“ og felur í sér að við sannreynum persónulegar upplýsingar þínar.

Lánveitandi	Merkir Síminn Pay sem þú gerir lánssamninginn við.
Lánssamningur lánveitanda	Merkir skilmálar lánveitanda varðandi uppgjör á öllum heimiluðum færslum innan heimildarinnar í gegnum kreditkortavinnslureikninginn.
Heimild	Merkir eyðsluhámarkið á kreditkortavinnslureikningnum sem lánveitandi hefur sett í samræmi við skilmála lánssamnings lánveitanda.
Söluaðili	Smásöluaðili eða annar aðili sem tekur við greiðslum með kortinu.
Fartæki	Farsími, spjaldtölva eða annað tæki sem appinu er hlaðið niður á.
Persónuupplýsingar	Skráðar persónuupplýsingar þínar sem varða notkun kortsins og reikningsins þíns, þar á meðal (en ekki takmarkað við): nafn, fæðingardagur, heimilisfang, kennitala, netfang og símanúmer (jarðlína og/eða farsími). Ítarlegar upplýsingar um persónuupplýsingarnar sem við vinnum með er að finna í persónuverndarstefnu okkar.
Kortakerfi	Merkir útgáfa, markaðssetning, sala, vinnsla, umsýsla, umsjón, viðhald, þjónusta, leyfisveiting eða notkun kortanna og hvers kyns annarrar greiðsluþjónustu sem komið er á fót í samræmi við samning þennan.
Umsjónaraðili kortakerfis	Enfuce Financial Services Limited, stofnað og skráð í Finnlandi með fyrirtækjanúmer 2752066-3 og skráða skrifstofu að Metsänneidonkuja 12, 02130 Espoo, Finnlandi; eða Síminn Pay fyrir hönd þess.
Aðili sem setur reglur	Eins og samhengið krefst, sérhvert kerfi og/eða eftirlitsaðili eða -stofnun sem hefur lögsögu yfir TPML eða umsjónaraðila kortakerfisins sem tengist útgáfu, markaðssetningu, sölu, leyfisveitingu eða notkun kortanna, kortakerfisins eða þjónustunnar sem veitt er samkvæmt samningi þessum, þ.m.t. án takmörkunar fjármálaeftirlitið á Möltu.
Kortafyrirtæki	Mastercard eða Visa eftir því sem við á og eins og sýnt er á kortinu þínu; Mastercard er skráð vörumerki Mastercard International Incorporated. Visa er skráð vörumerki Visa International.
Síminn Pay	Síminn Pay ehf. með kennitölu 471103-2250 og skráð heimilisfang að Ármúla 25, 108 Reykjavík, Íslandi.
Eyðslustaða	Merkir heildarfjárhæð allra færslna sem framkvæmdar eru með kortinu þínu og tengjast kreditkortavinnslureikningnum þínum og sem þú hefur enn ekki endurgreitt.
Færsla	Notkun kortsins þíns til að inna af hendi greiðslu, eða kaupa vörur eða þjónustu af söluaðila ef greiðsla fer fram (í heild eða að hluta) með því að nota kortið þitt, þar með talið ef greitt er í gegnum internetið, síma eða með póstpöntun.

Færsluskrá	Merkir skrá sem haldin er af umsjónaraðila kortakerfisins sem tengist kortinu sem gefið er út til þín og inniheldur skrá yfir útborganir og innborganir með tilliti til færslna sem framkvæmdar eru með kortinu.
Notandanafn og lykilorð	Persónulegar auðkennisupplýsingar sem þú hefur valið til að fá aðgang að reikningnum þínum.
Rafrænt kort	Óefnislegt kort og er notkun þess takmörkuð við kaup í gegnum netið, síma eða póstpöntun. Til að taka af allan vafa er ekki hægt að nota rafrænt kort til að taka út reiðufé úr hraðbanka eða banka.
við, okkur, okkar	Transact Payments Malta Limited („ TPML “) félag sem er stofnað á Möltu með heimilisfang að Vault 14, Level 2, Valletta Waterfront, Floriana, FRN 1914 og fyrirtækjaskráningarnúmer 91879 og starfsleyfi frá fjármálaeftirliti Möltu sem rafeyrisstofnun.
þú, þig, þér, þín	Þú, aðilinn sem hefur gert þennan samning við okkur með notkun þinni á kortinu og hver annar aðili sem þú hefur heimilað að nota einhver kort í samræmi við þennan samning.

2. Samningur þinn og kortið þitt

- 2.1. Kortið þitt er gefið út af okkur samkvæmt leyfi frá kortafyrirtækinu og réttindi þín og skyldur varðandi notkun kortsins eru háð þessum samningi.
- 2.2. Þú getur sótt nýjustu útgáfu þessa samnings hvenær sem er í appinu og á vefsvæðinu og/eða beðið um pappírseintak frá þjónustuveri.
- 2.3. Þér er óheimilt að endurselja kortið.

3. Virkjun kortsins þíns

- 3.1. Til að sækja um og nota kort verður þú að vera að minnsta kosti 20 ára og búsett/-ur á Íslandi með íslenska kennitölu.
- 3.2. Þú getur fengið kort með því að sækja appið.
- 3.3. Til að virkja kortið verður þú að skrá þig inn í appið og fylgja leiðbeiningunum sem leiða þig í gegnum virkunarferlið.
- 3.4. Að því tilskildu að við höfum getað framkvæmt KYC-könnun verður kortið virkjað og þú munt geta notað það.

4. Persónulegar upplýsingar

- 4.1. Þegar þú framkvæmir færslur á netinu gætu sumar vefsíður krafist þess að þú sláir inn persónulegar upplýsingar þínar og í slíkum tilfellum ættir þú að veita nýjustu persónulegu upplýsingarnar sem þú hefur gefið umsjónaraðila kortakerfisins.
- 4.2. Þú verður að tilkynna umsjónaraðila kortakerfisins um allar breytingar á persónulegum

upplýsingum þínum eins fljótt og auðið er með því að hafa samband við þjónustuver eða uppfæra upplýsingarnar í appinu. Þú berð ábyrgð á hvers kyns tjóni sem leiðir beint af vanrækslu á að tilkynna okkur um breytingar á persónulegum upplýsingum þínum vegna ótilhlýðilegrar tafar, stórfellds gáleysis þíns eða svika. Við þurfum að staðfesta nýju persónulegu upplýsingarnar þínar og gætum beðið um viðeigandi KYC upplýsingar/gögn frá þér eftir því sem við á.

- 4.3. Við, eða umsjónaraðili kortakerfisins, áskiljum okkur rétt hvenær sem er til að fullvissa okkur um að persónulegar upplýsingar þínar séu réttar (til dæmis með því að biðja um viðeigandi frumgögn), þar á meðal í þeim tilgangi að koma í veg fyrir svik og/eða peningabætti. Að auki, á þeim tíma sem umsókn þín er lögð fram eða hvenær sem er í framtíðinni, í tengslum við kortið þitt, heimilar þú okkur og umsjónaraðila kortakerfisins að framkvæma rafræna auðkenningarprófun á þér, annað hvort beint eða með því að nýta þjónustu viðeigandi þriðja aðila.

5. Notkun kortsins þíns

- 5.1. Við og umsjónaraðili kortakerfisins áskiljum okkur rétt til að biðja um KYC gögn og staðfestingu á uppruna fjármuna þinna hvenær sem er.
- 5.2. Fjárhæðin sem tengist hverri færslu og öll tengd gjöld sem framkvæmd eru með kortinu sem gefið er út verður bætt við eyðslustöðuna sem skráð eru í færsluskrána sem lánveitandinn gerir upp í gegnum kreditkortavinnslureikninginn upp að heimildinni í samræmi við lánssamning lánveitanda.
- 5.3. Notkun þín á kortinu sætir gjöldunum sem tilgreind eru í gjalda- og heimildaryfirlitinu, sem skulu dregin frá eyðslustöðunni.
- 5.4. Nema við upplýsum þig um annað geturðu notað kortið hjá hvaða söluaðila sem er sem tekur við kortum kortafyrirtækjanna til að framkvæma færslur.
- 5.5. Þú verður alltaf að gæta þess þú hafir næga tiltæka heimild fyrir hverja færslu sem þú heimilar (að meðtöldum virðisaukaskatti og öðrum sköttum og viðeigandi gjöldum). Ef tiltæka heimildin dugar ekki til að greiða fyrir færslu gætu sumir söluaðilar ekki leyft þér að nota kortið þitt í sameiningu við aðrar greiðsluleiðir.
- 5.6. Ef færsla er af einhverjum ástæðum framkvæmd en fjárhæð hennar fer yfir tiltæku heimildina verður þú að greiða okkur það sem upp á vantar þegar í stað en ef þú gerir það ekki eftir að hafa fengið tilkynningu frá okkur áskiljum við okkur rétt til að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða, þ.m.t. málshöfðunar, til að endurheimta það sem upp á vantar.
- 5.7. Við ákveðnar aðstæður gæti söluaðili krafist þess að þú hafir tiltæka heimild sem er hærri en fjárhæð færslunnar sem þú vilt framkvæma en aðeins verður rukkað um raunverulega og endanlega fjárhæð færslunnar. Söluaðilar gætu beðið um þetta þar sem þeir gætu þurft að fá aðgang að meiri fjármunum en þú ætlaðir í upphafi að eyða, til dæmis þegar þú bókar hótélgestingu eða bílaleigubíl. Ef söluaðili er með fyrri heimild á kortinu þínu muntu ekki hafa aðgang að viðkomandi fjármunum fyrr en færslunni er lokið eða, ef fyrr, eftir allt að 30 daga. Við munum aðeins loka fyrir aðgang að nákvæmlega þeirri fjárhæð sem þú hefur heimilað.

- 5.8. Ekki er hægt að nota kortið þitt ef slíkir söluaðilar geta ekki fengið heimild í gegnum netið sem staðfestir að þú hafir næga tiltæka heimild fyrir færslunni (til dæmis færslur sem framkvæmdar eru á lestum, skipum, sumum kaupum í flugi og tollhliðum). Við berum enga ábyrgð ef söluaðili neitar að taka við greiðslu með kortinu.
- 5.9. Þú mátt ekki nota kortið fyrir fjárhættuspil, stefnumóta- eða fylgdarþjónustu eða í neinum ólögætum tilgangi, þar með talið við kaup á vörum og þjónustu sem er bönnuð samkvæmt gildandi lögum.
- 5.10 Kortagjöldin eru tilgreind í yfirlitinu og gilda um kortið. Í hvert skipti sem þú notar kortið verður fjárhæð færslunnar auk viðeigandi gjalda dregin frá tiltækri heimild kreditkortavinnslureikningsins. Ef fjárhæð færslunnar að viðbættum viðeigandi gjöldum fer yfir tiltæka heimild verður færslunni hafnað og viðeigandi gjöld verða gjaldfærð á kortið í samræmi við ákvæði yfirlitsins. Þessi gjöld geta ekki verið hærri en fjárhæð greiðslupöntunarinnar.

6. Að heimila færslur

- 6.1. Þú þarft að veita samþykki þitt fyrir hverri færslu með því, þar sem við á, a) að nota öryggisnúmer sem er þitt persónulega númer; b) veita kortaupplýsingarnar og/eða veita aðrar persónulegar upplýsingar sem eiga aðeins við um þig og/eða kortið þitt; eða d) þar sem við á, að setja kortið þitt nálægt snertilausum kortalesara. Þegar þú hefur veitt slíkt samþykki fyrir færslunni verður litið svo á að hún hafi verið heimiluð.
- 6.2. Móttökutími færslupöntunar er þegar hún er móttækin af vinnsluaðila okkar.
- 6.3. Þegar færsla hefur verið heimiluð af þér og móttækin af okkur er ekki hægt að afturkalla hana.
- 6.4. Hugsanlegt er að ákveðnir söluaðilar taki ekki við greiðslum sem framkvæmdar eru með kortinu og berum við enga ábyrgð á því: það er á þína ábyrgð að athuga hvaða takmarkanir gilda hjá hverjum söluaðila.
- 6.5. Hugsanlegt er að truflun verði á getu þinni til að nota eða fá aðgang að kortinu öðru hvoru, til dæmis ef umsjónaraðili kortakerfisins eða þriðju aðila þjónustuveitendur þurfa að annast viðhald á kerfum sínum eða vefsvæðum. Vinsamlegast hafðu samband við þjónustuver ef þú lendir í vandræðum með að nota kortið þitt eða reikninginn þinn og leyst verður úr þeim eins fljótt og auðið er.

7. Að hafa umsjón með og vernda kortið þitt

- 7.1. Þegar þú pantar kort í appinu færðu leiðsögn í gegnum ferlið við að setja upp örugga innskráningu. Þú þarft að skrá þig inn til að framkvæma eftirfarandi aðgerðir (ásamt öllum öðrum aðgerðum sem tilgreindar eru í appinu) í tengslum við kortið þitt á netinu:
- breyta símanúmerinu þínu;
 - athuga tiltæka heimild þína; og
 - athuga færsluupplýsingarnar þínar.
- 7.2. Þú mátt ekki gefa neinum öðrum kortið eða fartækið þitt eða leyfa öðrum að nota það.

7.3. Þú berð ábyrgð á kortinu þínu, lykilorði fartækis, PIN-númeri fartækis, mynsturs- , fingrafara-, lithimnuskönnunar-, app-innskráningarskilríkjum og öðrum tengdum öryggisupplýsingum fartækis („**öryggisupplýsingar**“) og verður að gera allar mögulegar ráðstafanir til að halda þeim öruggum og algjörlega leyndum. Slíkar ráðstafanir fela í sér eftirfarandi (án tæmandi talningar):

i. Þú mátt ekki velja lykilorð, mynstur eða PIN-númer fyrir fartæki sem einhver annar getur auðveldlega giskað á;

ii. Ef þú hefur þegar sett upp fartækið þitt með lykilorði, mynstri eða PIN-númeri eða fingrafara- eða lithimnuskönnunaraðgangi, verður þú að skoða þetta og tryggja að þú breytir öryggisupplýsingum sem auðvelt er að giska á eða sem þú hefur þegar deilt með öðrum og þú verður að eyða öllum fingrafara- eða lithimnuskönnunarupplýsingum sem eru ekki þínar. Ef þú telur að einhver annar viti einhverjar öryggisupplýsingar ættir þú að breyta þeim upplýsingum strax.

i. halda öryggisupplýsingunum þínum ávallt leyndum, til dæmis með því að skrá þig ekki inn ef einhver annar er að horfa.

7.4. Ef ekki er farið að þessum skilyrðum 7. greinar getur það haft áhrif á getu þína til að endurheimta tjón ef við getum sýnt fram á að þú hafir viljandi látið hjá líða að halda upplýsingunum öruggum eða að þú hafir aðhafst á sviksamlegum hátt, með ótilhlýðilegum töfum eða af stórfelldu gáleysi. Við allar aðrar aðstæður skal hámarksábyrgð þín vera eins og lýst er hér að neðan í 11. grein.

7.5. Ef þú telur að einhver annar viti öryggisupplýsingarnar þínar verður þú að láta okkur vita með því að hafa umsvifalaust samband við þjónustuver.

7.6. Ef okkur grunar eða teljum að kortið þitt kunni að sæta svikum eða öryggisógnum mun umsjónaraðili kortakerfisins láta þig vita á öruggan hátt í gegnum síma eða með tölvupósti.

8. Ógilding

8.1. Ef þú hefur pantað kortið þitt á netinu geturðu afpantað það þér að kostnaðarlausu áður en þú virkjar það og notar það og þar til allt að 14 almanaksdagar eru liðnir frá pöntunardegi („**afpöntunarfrestur**“) með því að skrifa þjónustuveri. Þetta á ekki við um endurnýjunarkort ef afpöntunarfrestur fyrir upprunalega kortið er útrunninn.

8.2. Þú getur líka sagt kortinu þínu upp hvenær sem er með því að hafa samband við þjónustuver.

8.3. Þegar kortið þitt hefur verið fellt úr gildi mun það ekki lengur virka fyrir færslur og ekki er hægt að endurvirkja það.

8.4. Ef í ljós kemur að einhverjar frekari færslur hafa verið framkvæmdar eða stofnað hefur til frekari gjalda með því að nota kortið/kortin eða við fáum bakfærslu á fyrri fjármögnunarfærslu mun umsjónaraðili kortakerfisins upplýsa þig um fjárhæðina og þér ber að endurgreiða okkur slíka fjárhæð um leið og þess er krafist.

9. Gildislok

- 9.1. Þessi samningur fellur úr gildi á lokadegi gildistíma kortsins þíns nema þú fáir úthlutað endurnýjunarkorti.

10. Uppsögn eða lokun kortsins þíns

- 10.1. Þegar samningur þessi fellur úr gildi muntu ekki geta notað kortið þitt. Við, eða umsjónaraðili kortakerfisins fyrir okkar hönd, getum sagt þessum samningi upp hvenær sem er með því að veita þér tilkynningu með tveggja mánaða fyrirvara (sem verður send á netfangið sem þú hefur gefið okkur upp).
- 10.2. Við, eða umsjónaraðili kortakerfisins fyrir okkar hönd, getum lokað kortinu þínu, takmarkað virkni þess eða sagt þessum samningi upp hvenær sem er með tafarlausum áhrifum ef:
- þú hefur ekki veitt okkur þær upplýsingar sem við þurfum eða við teljum að einhverjar af þeim upplýsingum sem þú hefur veitt okkur hafi verið rangar; eða
 - samningnum milli þín og lánveitandans sem gildir um kreditkortavinnslureikninginn hefur verið sagt upp eða vanefndaratburður hefur átt sér stað samkvæmt slíkum samningi og stendur enn yfir;
 - færslu hefur verið hafnað vegna ónógrar tiltækar heimildar eða þú endurgreiðir ekki fjármuni sem þú skuldar okkur; eða
 - þú veitir ekki persónuupplýsingar sem eru nauðsynlegar til að við getum uppfyllt lagalegar skyldur okkar og efnt samning þennan; eða
 - okkur grunar með sanngirni að öryggi kortsins hafi verið stefnt í hættu eða að þú, eða einhver þriðji aðili, hafi notað eða ætlið að nota kortið af stórfelldu gáleysi eða í sviksamlegum eða öðrum ólögumætum tilgangi; eða
 - við teljum að notkun þín á kortinu kunni að valda okkur eða kerfum okkar skaða; eða
 - við teljum að áframhaldandi notkun þín á kortinu geti skaðað orðspor okkar; eða
 - þú verður gjaldþrota; eða
 - okkur er skylt að gera það samkvæmt gildandi lögum eða ef við teljum að áframhaldandi starfræksla kortakerfisins kunni að brjóta í bága við gildandi lög; eða
 - við getum ekki afgreitt sumar eða allar færslur þínar vegna aðgerða þriðja aðila; eða
 - þú hefur brotið gegn samningi þessum.
- 10.3. Komi til þess að við lokum kortinu þínu eða fellum það úr gildi munum við eða umsjónaraðili kortakerfisins, ef það er heimilt að lögum, láta þig vita fyrirfram eða eins fljótt og auðið er að því loknu. Við kunnum að gera öllum sem eiga aðkomu að færslunni viðvart ef lokun hefur átt sér stað.
- 10.4. Nema eða þar til þú eða við segjum þessum samningi upp, eða kortið þitt rennur út og ekkert endurnýjunarkort er gefið út til þín, mun þessi samningur haldast í gildi.

11. Tap eða þjófnaður kortsins þíns

- 11.1. Þú berð ábyrgð á að gæta kortsins þíns eins og það væri reiðufé í veskinu þínu - ef það týnist eða því er stolið gætirðu tapað einhverjum eða öllum fjármunum á kortinu þínu nema þú hafir samband við þjónustuver eins og tilgreint er í þessari grein.
- 11.2. Þú verður að hafa samband við umsjónaraðila kortakerfisins án tafar í gegnum spjalleiginleikana í appinu eða með því að hringja í +3548007000 ef þú veist eða þig grunar að kort sé týnt, því hafi verið stolið, það misnotað eða sætt óleyfilegri notkun eða að óviðkomandi einstaklingur viti einhverjar öryggisupplýsingar eða ef þú telur að færsla hafi verið ranglega framkvæmd.
- 11.3. Þú berð ábyrgð á allt að 50 evrum (eða jafnvirði þess í öðrum gjaldmiðli) af tapi vegna óleyfilegra færslna sem framkvæmdar voru áður en þú sendir tilkynninguna um þjófnað, tap eða misnotkun á kortinu. Ef athugun okkar leiðir í ljós að þú heimilaðir umdeilda færslu eða að þú aðhafðist á sviksamlegan hátt eða að þú hafir af gáleysi eða af ásetningi brotið gegnum skilmálum samnings þessa (til dæmis með því að geyma kortið þitt ekki á öruggum stað) gætirðu borið ábyrgð á tjóni sem við verðum fyrir vegna notkunar kortsins.
- 11.4. Þegar tilkynnt hefur verið um tap, þjófnað eða óleyfilega notkun á kortinu þínu verður lokað fyrir notkun þess til að forðast frekara tjón.
- 11.5. Þú samþykkir að vinna með umboðsaðilum okkar, hvaða eftirlitsstofnun sem er, lögreglunni og okkur ef fartæki þitt týnist, því er stolið eða ef okkur grunar sviksamlega notkun á kortinu.
- 11.6. Ef þú upplýsir okkur um óheimila eða ranga framkvæmd færslu án ástæðulausrar tafar, og í öllu falli eigi síðar en 13 mánuðum eftir skuldfærsludag, munum við endurgreiða upphæðina umsvifalaust nema við höfum ástæðu til að ætla að atvikið hafi orsakast af broti á þessum samningi, af stórfelldu gáleysi eða ef við höfum rökstudda ástæðu til að gruna svik.
- 11.7. Ef um er að ræða færslu sem ekki er framkvæmd eða framkvæmd á rangan hátt munum við strax reyna að rekja færsluna og munum upplýsa þig um útkomuna. Við munum ekki rukka þig fyrir slíka viðleitni. Ef við erum ábyrg fyrir slíkri færslu munum við endurgreiða fjárhæðina, ásamt fjárhæð hvers kyns gjalda sem þú gætir þurft að sæta, án ástæðulausrar tafar.
- 11.9. Ef færsla sem framkvæmd var innan EES berst seinna en hún hefði átt að gera samkvæmt skilmálum samnings þessa getur þú óskað eftir því að við höfum samband við móttökugreiðslustofnunina til að biðja hana um að meðhöndla færsluna eins og hún hafi verið framkvæmd á réttum tíma.
- 11.10. Ef færsla er framkvæmd sem er hafin af viðtakanda greiðslu munum við aðeins endurgreiða þá fjárhæð, með fyrirvara um ákvæði greinar 11.11, við aðstæður þar sem þú getur sannað að:
 - 11.10.1 hin nákvæma færslufjárhæð hafi ekki verið tilgreind þegar þú heimilaðir greiðsluna; og
 - 11.10.2 fjárhæð færslunnar sé hærri en sú fjárhæð sem þú hefðir með sanngirni getað búið við, að teknu tilliti til fyrra eyðslumynsturs þíns, skilmála samnings þessa og viðeigandi aðstæðna í málinu.
- 11.11. Endurgreiðsla samkvæmt grein 11.9 verður ekki veitt ef:
 - 11.11.1 fjárhæðin tengist gengissveiflum; eða
 - 11.11.2 þú hefur veitt okkur beint samþykki þitt til að framkvæma færsluna; eða

- 11.11.3 upplýsingar um færsluna voru veittar eða gerðar þér aðgengilegar á samþykktan hátt að minnsta kosti 4 vikum fyrir gjalddaga færslunnar; eða
- 11.11.4 þú óskar eftir endurgreiðslu frá okkur síðar en 8 vikum frá þeim degi sem hún var skuldfærð.

12. Greiðsluágreiningur

- 12.1 Ef þú hefur eitthvað að athuga við færslu sem þú hefur heimilað og hefur verið afgreidd á kortinu þínu ættir þú að leysa úr málinu með því að hafa samband þann sem þú keyptir vörurnar eða þjónustuna af; við erum ekki ábyrg fyrir gæðum, öryggi, lögmæti eða öðrum þáttum vöru eða þjónustu sem keypt er með kortinu þínu.
- 12.2 Ef ekki er hægt að leysa ágreining þinn við söluaðila sem tengist færslu ættir þú að hafa samband við þjónustuver okkar og við munum reyna að aðstoða þig að því marki sem unnt er.
- 12.3 Söluaðili getur ekki endurgreitt vörur eða þjónustu sem greitt er fyrir með korti nema um hafi verið að ræða fyrri færslu sem viðkomandi söluaðili skuldfærði á kortið sem er jafnhá eða hærri en fjárhæð endurgreiðslunnar sem óskað er eftir. Ef þú átt af einhverjum ástæðum rétt á endurgreiðslu fyrir vörur eða þjónustu sem keyptar eru með korti samþykkir þú að slík endurgreiðsla verði lögð inn á kreditkortavinnslureikninginn sem þú hefur hjá lánveitandanum.
- 12.4 Ef þú hefur ástæðu til að ætla að færsla hafi verið framkvæmd án þíns samþykkis eða fyrir mistök geturðu beðið umsjónaraðila kortakerfisins að athuga færsluna. Ef athugun fer fram verður ekki hægt að eyða umdeildu fjárhæðinni fyrr en athugun okkar er lokið og ef við fáum upplýsingar sem sanna að færslan hafi verið ósvikin verður hún dregin frá tiltækri heimild þinni og við gætum rukkað þig um athugunargjald. Ef þú ert ekki með næga tiltæka heimild verður þú að endurgreiða okkur fjárhæðina um leið og þess er krafist.

13. Gjaldeyrisfærslur

- 13.1 Ef þú notar kortið þitt í öðrum EES-gjaldmiðli en þeim gjaldmiðli sem kortið þitt er skráð í („erlend gjaldeyrisfærsla“) mun fjárhæðin sem dregin er frá tiltækri heimild þinni vera fjárhæð erlendu gjaldeyrisfærslunnar umreiknuð í gjaldmiðil kortsins þín með því að nota gengi sem kortafyrirtækið ákveður á þeim degi sem hún er heimilað. Þú gætir líka verið rukkuð/rukkaður um erlent gjaldeyrisgjald eins og fram kemur í gjalda- og heimildayfirlitinu. Til þess að gera þér kleift að bera saman gjöld fyrir umreikning gjaldmiðils geturðu skoðað rauntíma prósentumuninn á fjárhæðinni sem verður gjaldfærð á kortið þitt fyrir erlenda gjaldeyrisfærslu (sem samanstendur af álagningu kortafyrirtækisins áramt öðrum gjöldum) og nýjasta tiltæka gengi evru sem birt er af Seðlabanka Evrópu. Þú getur skoðað þessar upplýsingar í appinu áður en þú framkvæmir erlenda gjaldeyrisfærslu. Þessar upplýsingar verða einnig sendar þér með tilkynningu í fartæki eftir að þú hefur framkvæmt viðkomandi erlenda gjaldeyrisfærslu, ef gildandi lög krefjast þess. Þú getur afþakkað að fá þessa tilkynningu í appinu.

14. Ábyrgð okkar

- 14.1 Við berum ekki ábyrgð á tjóni sem stafar af:

- i. hvers kyns vanefndum sem stafa beint eða óbeint af orsökum sem við höfum ekki stjórn á, þar með talið, en ekki takmarkað við, skort á fjármunum eða bilun í gagnavinnsluferfum;
 - ii. hvers kyns hagnaðarmissi, viðskiptamissi eða hvers kyns óbeinu, afleiddu, sérstöku eða refsitjóni;
 - iii. notkun þessa korts sem brýtur í bága við samning þennan;
 - iv. vörum eða þjónustu sem keypt er með kortinu; og
 - v. hvers kyns skaðabótum vegna taps, svika eða þjófnaðar sem þú hefur tilkynnt okkur um síðar en 13 mánuðum eftir atburðinn.
- 14.2 Við erum ekki ábyrg gagnvart þér ef samskiptaupplýsingar þínar hafa breyst og þú hefur ekki sagt okkur það.
- 14.3 Ef kortið virkar ekki sem skyldi vegna vanefnda okkar takmarkast ábyrgð okkar við endurnýjun kortsins.
- 14.4 Ef fjárhæðir eru ranglega dregnar frá eyðslustöðu þinni vegna vanefnda okkar skal ábyrgð okkar takmarkast við að greiða þér samsvarandi fjárhæð.
- 14.5 Ekkert í samningi þessum skal útiloka eða takmarka ábyrgð okkar vegna andláts eða líkamstjóns sem stafar af vanrækslu okkar eða svikum.
- 14.6 Að því marki sem lög leyfa eru öll skilyrði eða ábyrgðaryfirlýsingar sem eru undirskildar samkvæmt lögum eða á annan hátt sérstaklega undanskildar.
- 14.7 Ofangreindar útilokanir og takmarkanir sem settar eru fram í þessari grein eiga við um hvers kyns ábyrgð tengdra aðila okkar eins og kortafyrirtækjanna og annarra birgja, verktaka, fulltrúa og hvers kyns tengdra aðila þeirra (ef einhverjir eru) gagnvart þér, sem gæti komið upp í tengslum samning þennan. Í öllum lagalegum tilgangi komum við hér einnig fram sem umboðsaðilar tengdra aðila okkar eins og kortafyrirtækjanna og annarra birgja, verktaka, fulltrúa og hvers kyns tengdra aðila þeirra (ef einhverjir eru), með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í þessari grein.
- 14.8 Hvað varðar öll önnur mál sem ekki er sérstaklega fjallað um í þessari 14. grein og að því marki sem gildandi lög leyfa skal heildarábyrgð okkar takmarkast við heildarfjárhæðina sem þú hefur eytt með því að nota kortið þitt á 12 mánaða tímabilinu fram að kröfunni.

15 Kvartanir

- 15.1 Ef þú vilt leggja fram kvörtun vegna kortsins þíns geturðu haft samband við þjónustuver með því að senda tölvupóst á 8007000@siminn.is til að veita upplýsingar um slíka kvörtun.
- 15.2 Þegar við höfum móttengið kvörtun þína með tölvupósti munum við leitast við að svara þér eins fljótt og auðið er, en í öllu falli munum við svara þér með tölvupósti innan 15 virkra daga.
- 15.3 Ef þú ert ekki sátt/-ur við niðurstöðuna eftir að hafa fengið svar frá þjónustuveri okkar geturðu vísað kvörtun þinni til kvörtunardeildar TPML með því að senda tölvupóst á complaints@transactpaymentslimited.com
- 15.4 Ef kvörtunardeild TPML getur ekki svarað kvörtun þinni strax færðu staðfestingu á því að

kvörtun þín hafi borist og formleg athugun fer fram. Þú munt fá formlegt svar um niðurstöður þeirra innan 35 virkra daga frá móttöku kvörtunar þinnar.

- 15.5 Við munum gera allt sem í valdi okkar stendur til að finna lausn á kvörtun þinni og munum útskýra að fullu rökin að baki ákvörðun okkar.
- 15.6 Ef svo ólíklega fer að við getum ekki leyst vandamálið þitt á þann hátt sem þú sættir þig við átt þú rétt á að vísa kvörtun þinni til úrskurðaraðila á sviði fjármálaþjónustu (Arbiter for Financial Services) með því að senda erindi á eftirfarandi heimilisfang: Office of the Arbiter for Financial Services, 1st Floor, St Calcedonius Square, Floriana FRN 1530, Malta (Sími+ 356 21249245, Vefsvæði: <https://financialarbiter.org.mt>).

16 Almenn samskipti

- 16.1 Allar orðsendingar til þín frá okkur eða frá umsjónaraðila kortakerfisins verða sendar í gegnum appið og/eða með tölvupósti eða fartæki (með því að nota nýjustu samskiptaupplýsingarnar sem þú hefur látið okkur í té).
- 16.2 Þú getur haft samband við þjónustuver með því að nota upplýsingarnar sem settar eru fram í 1. grein.

17 Persónuupplýsingar

- 17.1 TPML er ábyrgðaraðili persónuupplýsinga þinna sem tengjast umsókn um og notkun þessa korts og mun safna ákveðnum upplýsingum um kaupanda og notendur kortsins til að starfrækja kortakerfið. Afhending þín á persónuupplýsingum þínum og vinnsla okkar á þessum upplýsingum er nauðsynleg svo báðir aðilar geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningi þessum og samkvæmt gildandi lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Stundum getur vinnslan verið nauðsynleg svo við getum framkvæmt ákveðnar aðgerðir, að beiðni þinni, áður en samningur þessi er gerður. Ef þú veitir ekki persónuupplýsingarnar sem við biðjum um munum við gera ráðstafanir til að segja þessum samningi upp í samræmi við ákvæði greinar 10.2(iv) að framan.
- 17.2 Við munum hafa umsjón með og vernda persónuupplýsingar þínar í samræmi við öll viðeigandi persónuverndarlög. Til að fá tæmandi og ítarlegar upplýsingar um hvenær og hvers vegna við söfnum persónuupplýsingum um þig, hvernig við notum þær, við hvaða aðstæður við kunnum að birta þær og hvernig við höldum þeim öruggum bendum við þér á að lesa persónuverndarstefnu okkar sem er látin þér í té þegar við söfnum persónuupplýsingum þínum.

18 Breytingar á skilmálunum

- 18.1 Við getum uppfært eða breytt samningi þessum hvenær sem er með tilkynningu sem er veitt með a.m.k. tveggja mánaða fyrirvara, sem við munum fela umsjónaraðila kortakerfisins að veita þér í appinu eða með tölvupósti (með því að nota nýjustu samskiptaupplýsingarnar sem þú hefur látið okkur í té).

- 18.2 Ef þú samþykkir ekki breytingarnar á samningnum geturðu hvenær sem er innan tveggja mánaða tilkynningarfyrirvarans sagt samningi þínum upp í samræmi við 8. grein og getur innleyst ónotaða tiltæka heimild á þeim tíma án þess að greiða fyrir það gjald. Litið verður svo á að þú hafir samþykkt allar breytingar á samningi þessum nema þú tilkynnir okkur annað fyrir fyrirhugaða dagsetningu breytingarinnar.
- 18.3 Ef einhver hluti samnings þessa er í ósamræmi við einhverjar kröfur yfirvalda þá munum við ekki byggja á þeim hluta heldur meðhöndla hann eins og hann endurspegli í raun viðeigandi kröfur yfirvalda. Ef við þurfum að gera rekstrarbreytingar áður en við getum uppfyllt nýja kröfu yfirvalda munum við gera þær breytingar eins fljótt og unnt er.

19 Tungumál

- 19.1 Íslenska útgáfan af samningi þessum og hvers kyns orðsendingum sem veittar verða samkvæmt eða í tengslum við samning þennan og innihaldi appsins munu gilda framar öðrum tungumálaútgáfum sem við gætum gefið út öðru hvoru.

20 Ýmis ákvæði

- 20.1 Samningur þessi lýtur lögum Möltu.
- 20.2 Þú samþykkir að lúta lögsögu dómstóla í Möltu án þess að um einkalögsögu sé að ræða.
- 20.3 Hvers konar töf eða misbrestur á því að nýta rétt eða úrræði samkvæmt samningi þessum af okkar hálfu skal ekki túlkast sem eftirgjöf þess réttar eða úrræðis eða koma í veg síðari beitingu þeirra.
- 20.4 Ef eitthvert ákvæði samnings þessa er talið telst óframfylgjanlegt eða ólögmætt halda önnur ákvæði fullu gildi.
- 20.5 Þér er ekki heimilt að framselja nein réttindi og/eða fríðindi þín samkvæmt samningi þessum og þú skalt vera eini aðilinn að samningnum á milli okkar. Þú berð áfram ábyrgð þar til öll kort sem gefin eru út til þín eru felld úr gildi eða hafa runnið út og þar til þú hefur innt af hendi fullnaðargreiðslu allra fjárhæða sem greiða ber samkvæmt samningi þessum. Okkur er heimilt að framselja réttindi og fríðindi okkar samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og getum falið öðrum að uppfylla skyldur okkar samkvæmt samningi þessum.

Gjalda- og heimildayfirlit

Gjöld

Gjöld	Gjöld (EUR)
Færslugjöld og notkun	
Gjald vegna erlendrar færslu	2,5% ofan á gengi Mastercard
Ýmis gjöld	

Mínútgjald fyrir símaþjónustu	Ekkert viðbótargjald. Venjuleg netgjöld gilda
-------------------------------	--

Eyðsluheimildir

Tegund heimildar	Tímabil	Fjöldi/Fjárhæð
Hámarksfjöldi posa-færslna (#)	1 dagur	20
Hámarksfjöldi posa-færslna (#)	7 dagar	70
Hámarksfjárhæð posa-færslna (€)	1 dagur	€5.000
Hámarksfjárhæð posa-færslna (€)	7 dagar	€10.000

Viðauki A

Skilmálar rafræns veskis

Þessir skilmálar gilda um það hvernig við gerum kleift að nota Síminn Pay kreditkortið þitt (kort) þegar þú bætir við eða geymir kort í rafrænu veski (Mobile Wallet). Rafrænt veski er hvers konar rafrænt greiðslukerfi sem notar kortið þitt eða rafræna skrá af kortinu þínu til að gera þér kleift að greiða fyrir hluti. Það er starfrækt af veitanda rafræns veskis (veitandi rafræns veskis) og er fánlegt á viðeigandi farsíma, spjaldtölvu eða öðru tæki (tæki).

1. Kreditkortaskilmálar Síminn Pay gilda eftir sem áður Framangreindir skilmálar sem gilda um kortið þitt gilda líka þegar þú notar kortið þitt í rafrænu veski. Veitandi rafræna veskisins mun einnig hafa í gildi skilmála og stefnur, þar á meðal persónuverndarstefnu, og skyldur sem gilda um notkun þína á rafræna veskinu, og hið sama á við aðra þriðju aðila (til dæmis farsímafyrirtæki). Þú ættir að ganga úr skugga um að þú lesir þessa skilmála og stefnur og sættir þig við þær.

2. Að nota kortið þitt í rafrænu veski Til að bæta korti við rafrænt veski verður þú að fylgja ferlinu sem veitandi rafræna veskisins veitir fyrirmæli um (og öllum öðrum aðferðum sem við, eða hann, gætum þurft að taka upp). Ekki er hægt að bæta öllum kortum við rafrænt veski og veitandi rafræna veskisins getur takmarkað fjölda korta sem hægt er að nota. Þegar korti hefur verið bætt við mun rafræna veskið aðeins gera þér kleift að greiða þar sem tekið er við rafræna veskinu.

Þú getur fjarlægt kort úr rafræna veskinu hvenær sem er með því að fylgja verklagsreglum veitanda rafræna veskisins um fjarlægingu. Við verðum að halda áfram að vinna úr öllum færslum á korti í rafræna veskinu sem eru útistandandi þegar þú fjarlægir það úr rafræna veskinu og þú verður að greiða fyrir slíkar færslur.

3. Gjöld Við rúkkum engin gjöld fyrir að bæta kortinu þínu við rafrænt veski. Venjuleg gjöld sem tengjast notkun kortsins þíns gilda áfram. Veitandi rafræna veskisins eða aðrir þriðju aðilar (t.d. farsímafyrirtæki) kunna að rukka þig sérstaklega um gjöld í tengslum við notkun þína á rafræna veskinu eða tækinu og slík gjöld eru á milli þín og veitanda rafræna veskisins eða viðkomandi þriðja

aðila.

4. Ábyrgð á því að rafræna veskið virki Við rekum ekki rafræna veskið og getum því ekki borið ábyrgð á notkun þess eða virkni. Við getum aðeins aðstoðað þig við að nota kortið þitt. Við erum ekki ábyrg fyrir rafræna veskinu, til dæmis ef það þarfnast uppfærslu, verður óaðgengilegt eða ef þú getur ekki notað það fyrir einhverja færslu, eða ef söluaðili neitar að taka við greiðslu með rafræna veskinu.

5. Öryggi korts og tækis Þú mátt ekki deila neinum notandanöfnum, aðgangsnúmerum eða öðrum upplýsingum sem tengjast kortinu eða tækinu þínu. Ef þú deilir þessum upplýsingum með öðrum gætu þeir fengið aðgang að rafræna veskinu þínu og greitt með kortinu þínu eða komist yfir persónulegar upplýsingar þínar. Áður en þú skiptir um eða fargar tæki verður þú að tryggja að öllum kortaupplýsingum sé eytt úr því tæki. Þú samþykkir að hafa samband við okkur tafarlaust ef tæki sem þú ert með kort á hefur týnst eða því er stolið, eða ef þig grunar að svik hafi verið framin í tengslum við kortið þitt, til dæmis ef þú færð textaskilaboð, viðvörðun eða aðra slíka tilkynningu í tækið þitt sem gefur til kynna að þú hafir bætt korti við rafrænt veski en gerðir það ekki, eða ef þú færð kvittun fyrir einhverju sem þú keyptir ekki. Við berum enga ábyrgð á tjóni sem þú verður fyrir nema að því leyti fram kemur í öðrum ákvæðum samnings þessa, eða eins og kann að vera skylt samkvæmt lögum.

6. Að loka fyrir notkun þína á korti Það geta komið upp aðstæður þar sem við neitum að leyfa að korti sé bætt við rafrænt veski eða lokum fyrir notkun korts til að kaupa með rafræna veskinu. Við getum gert þetta af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í öðrum ákvæðum samnings þess, þar með talið, án tæmandi talningar, ef þú brýtur gegn öðrum ákvæðum samnings þessa, ef kortinu þínu er lokað, það fellt úr gildi eða rennur út, ef okkur grunar svik, ef þú ert með gjaldfallna eða neikvæða stöðu og ef við fáum fyrirmæli þess efnis frá veitanda rafræna veskisins eða kortafyrirtækinu, eða ef við getum ekki auðkennt þig eða kortið á fullnægjandi hátt. Veitandi rafræna veskisins eða þriðji aðili geta líka lokað fyrir, takmarkað, stöðvað eða fellt úr gildi notkun þína á rafræna veskinu án þess að það hafi nokkuð með okkur að gera og við berum ekki ábyrgð ef það gerist.

7. Persónuvernd þín Við virðum friðhelgi persónuupplýsinga þinna. Við munum ávallt uppfylla skyldur okkar samkvæmt persónuverndarlögum og skilmálum persónuverndarstefnu okkar, sem er aðgengileg í appinu. Veitandi rafræna veskisins ber síðan ábyrgð á því hvernig hann notar og stýrir þeim persónuupplýsingum sem þú veitir honum.

8. Við kunnum að breyta ákvæðum þessa viðauka Þessi ákvæði geta breyst öðru hvoru og við munum tilkynna þér um slíkar breytingar eins og fram kemur í öðrum ákvæðum samnings þessa, en eftir það mun áframhaldandi notkun kortsins þíns með rafræna veskinu þýða að þú hafir samþykkt þær. Ef þú samþykkir einhverja uppfærða skilmála getur þú fjarlægt kort úr rafræna veskinu með því að fylgja verklagsreglum veitanda rafræna veskisins um fjarlægingu.

9. Hafa samband við okkur Ef þú hefur einhverjar spurningar í tengslum við þessi ákvæði bendum við þér á að skoða svör við algengum spurningum um rafræna veskið okkar á www.siminnpay.is. Ef þú hefur einhverjar spurningar eða vandamál sem þú finnur ekki svör við í svörum við algengum spurningum bendum við þér á að hafa samband við okkur með því að nota upplýsingarnar sem fram koma í 1. grein hér að framan. Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi rafræna veskið bendum við þér á að hafa samband við veitanda rafræna veskisins.